

**Nd.**

## **31. Frumvarp til laga**

um menntaskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

### **I. KAFLI**

#### **Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.**

##### **1. gr.**

Menntaskólar eru tveir á Íslandi og heita: Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn á Akureyri. Ríkisstjórnin getur ákveðið stofnun nýrra menntaskóla, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, enda verði þeir í hviðna sambærilegir við áður nefnda skóla, m. a. um námsefni, menntun kennara og húsakynni.

##### **2. gr.**

Það er markmið skólanna að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

##### **3. gr.**

Í skólunum eru 4 ársbekkir og greinast 3 efstu bekkirnir í 2 deildir: mála-deild og stærðfræðideild, og fleiri deildir, ef þörf krefur að dómi stjórna skólanna og yfirstjórnar.

##### **4. gr.**

Skólarnir eru jafnt fyrir pílta og stúlkur.

### **II. KAFLI**

#### **Um inntöku nemenda í skólana.**

##### **5. gr.**

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skóla.

##### **6. gr.**

Inntaka nemenda fer að jafnaði fram í upphafi skólaárs.

##### **7. gr.**

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 15 ára um næstu áramót. Aldurs-ákveði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekk;
2. að hann hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið;
3. að hann sé óspilltur að siðferði;
4. að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

##### **8. gr.**

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólanna veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

##### **9. gr.**

Til þess að verða tekinn í aðra bekk skólanna, verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

### III. KAFLI

#### Um kennsluna.

##### 10. gr.

Í skólunum skal kenna: íslensku, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu, kristin fræði, náttúrufræði, eðlisfræði og efnafræði, stærðfræði og stjörnufræði, íþróttir og söng.

Heimilt er stjórnunum skólanna að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki yfirstjórnar þeirra.

### IV. KAFLI

#### Um próf og einkunnir.

##### 11. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Ljúka má við árspróf námi í einstökum greinum, eftir því sem tilskilið verður í reglugerð, enda skulu einkunnir í þeim greinum teljast til stúdentsprófs.

##### 12. gr.

Árspróf veitir nemandi, er stent það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan, og stúdentspróf til inntöku í háskóla, hvort tveggja með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglugerðum þessara skóla.

##### 13. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólanna um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar, skipaðir af yfirstjórn skólanna samkvæmt tillögum háskólaráðs og forstöðumanna skólanna.

##### 14. gr.

Um próf að öðru leyti og um einkunnir segir í reglugerð.

### V. KAFLI

#### Um kennara skólanna.

##### 15. gr.

Við hvorn menntaskólann um sig skulu skipaðir hið fæsta 12 fastir kennarar auk skólastjóra. En heimilt er að skipa fleiri fasta kennara, ef þörf gerist. Stundakennara má ráða eftir þörfum.

##### 16. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágur frá þessum ákvæðum má enn fremur veita, er sérstaklega stendur á og þörf krefur, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

##### 17. gr.

Skólastjóra og fasta kennara skipar forseti Íslands samkvæmt tillögum kennslumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar skólanna. Fræðslumálastjórn setur skólastjórum og föstum kennurum erindisbréf.

Skólastjórar ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna.

18. gr.

Af hverjum 10 árum, sem kennari er í embætti, á hann rétt til eins orlofsárs með fullum launum. Skal hann verja því til að fylgjast með nýjungum í kennslugrein sinni og kynnast kennsluaðferðum erlendis. Til utanfarar skal veittur styrkur, allt að hálfum embættislaunum. Stjórn skólans ákveður, að fengnu samþykki yfirstjórnar, hvenær orlofsins sé neytt. Skytt er kennara að láta yfirstjórn skólans í té skýrslu um það, hvernig hann hafi varið orlofsári sínu, og er honum þá fyrst greiddur síðari helmingur utanfararstyrks.

19. gr.

Nánari ákvæði um réttindi kennara og skyldur standa í reglugerð.

## VI. KAFLI

### Um stjórn skólanna og yfirstjórn.

20. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skipa stjórn hvors skóla um sig.

21. gr.

Fræðslumálastjórn er yfirstjórn skólanna.

## VII. KAFLI

### Um skólalækna.

22. gr.

Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjóra, skólalækna til 5 ára í senn og ákveður þeim þóknun fyrir starfann.

Skólalæknar skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólunum.

## VIII. KAFLI

### Um skólatíma og leyfi.

23. gr.

Skólaárið byrjar 20. september og endar 17. júní.

24. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin: jólaleyfi, páskaleyfi, sumardagurinn fyrsti, hvítasunnuleyfi.

Nánari ákvæði um leyfi standa í reglugerð.

## IX. KAFLI

### Um nemendur skólanna, reglu og aga.

25. gr.

Um nemendur skólanna, reglu og aga segir í reglugerð.

## X. KAFLI

### Um gildistöku laganna.

26. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 32 19. maí 1930, um menntaskóla á Akur-

eyri, lög um breyting á þeim lögum, nr. 89 19. júní 1933, og lög nr. 19 24. marz 1944, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstílhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er samið af millipinganefnd í skólamálum, sem var skipuð af þáverandi menntamálaráðherra 30. júní 1943 „til þess að rannsaka kennslu- og uppeldismál þjóðarinnar og gera tillögur um skipun þeirra“. Meiri hl. menntamálanefndar, þeir SigfS, BG og GTh, flytur frv. að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um áfstöðu til frv.

Frá millipinganefnd í skólamálum fylgdi frv. greinargerð. Enn fremur hefur menntamálanefnd borizt útdráttur úr gerðabók félags menntaskólakennara frá fundi, sem haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, þar sem gerðar voru ýmsar samþykktir varðandi frv. þetta, svo og álit millipinganefndar í skólamálum varðandi samþykktir fundarins. Útdrátturinn úr fundargerðinni ásamt áliti millipinganefndarinnar birtast hér sem fylgiskjöl. — Greinargerð millipinganefndarinnar er svo hljóðandi:

Um Menntaskólann í Reykjavík hafa aldrei verið sett lög. Þegar „Lærða skól-  
anum“ var breytt í „Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík“, var það gert með bráðabirgðareglugerð 9. sept. 1904. Starfaði skólinn síðan samkv. þessari reglugerð og ýmsum breytingum á henni (18. apríl 1907, 13. marz 1908, 20. maí 1910 og 5. apríl 1923) fram til 1937. Þá var gefin út ný reglugerð um Menntaskólann í Reykjavík, sniðin að mestu eftir frumvarpi til laga um skólann, er ekki varð útrætt á Alþingi. Hefur skólinn starfað eftir þessari reglugerð allt til þessa.

Menntaskólinn á Akureyri var stofnaður með lögum nr. 32 19. maí 1930. En reglugerð hefur honum aldrei verið sett. Hefur skólinn þó að sumu leyti ekki starfað eftir þessum lögum, heldur samkvæmt eldri reglugerð Menntaskólans í Reykjavík.

Af þessu hefur leitt töluvert ósamræmi í starfi skólanna innbyrðis, bæði um námsefni og einkunnastiga.

Telur því nefndin nauðsynlegt, að hvorum tveggja skólanum séu sett sömu lög og sams konar reglugerð. Hefur nefndin þegar samið drög að þess konar reglugerð og þar stuðzt við núgildandi reglugerð Menntaskólans í Reykjavík, og má leggja fram sem nánari greinargerð við frumvarp þetta, ef óskað er, enda mun rækilegri greinargerð verða samin um þá reglugerð.

#### I. KAFLI

##### Við 1. gr.

Nefndin leggur áherzlu á, að það sé tryggt, verði fleiri menntaskólar stofnaðir, að kröfurnar til stúdentsmenntunar séu í engu rýrðar frá því, sem nú er. Þótt undanfarið hafi orðið að hlíta við núverandi húsakynni menntaskólanna, þá er það augljóst mál, að þau eru mikils til of lítil og mega sízt lakari vera miðað við þær kröfur, er gera verður til húsnæðis menntaskóla. Er þess í rauninni brýn nauðsyn, að húsakynni hvors tveggja skólans verði stórum aukin og endurbætt.

##### Við 2. gr.

Hér er miðað bæði við almenna framhaldsmenntun og undirbúning undir háskólanám, enda fer því mjög fjarri, að æskilegt sé, að allir þeir, er útskrifast úr menntaskólum, taki fyrir háskólanám, heldur að menn með stúdentsmenntun séu í sem flestum stéttum þjóðfélagsins.

### Við 3. gr.

Miðað er við sömu deildaskiptingu og nú er í báðum skólum. Telur nefndin það fyrirkomulag heppilegt, að deildanna sé ekki meiri munur en það fyrsta árið, að nemendur geti skipt um deild án mikillar fyrirhafnar.

Aðrar deildir, sem kynni að vera æskilegt að stofna síðar, gætu t. d. verið: náttúrufræðideild, íslenzku- og sögudeild. (Í norskum menntaskólum er gert ráð fyrir allt að 6 deildum.)

Ýmsir menntamenn hafa bent nefndinni á það, að rétt væri að stofna sérstaka forntungudeild. En reynslan nú á dögum með öðrum Norðurlandþjóðum hvetur sízt til þess, því að þar eru slíkar deildir harla fásóttar.

## II. KAFLI

### Við 5. gr.

Skólastjórar veita að sjálfsgöðu inntöku í skólana þeim, er um hana sækja og fullnægja inntökuskilyrðum. En hér er átt eingöngu við úrskurði, er vafi leikur á um rétt unsækjanda til inntöku.

### Við 7. gr.

Nefndin hyggur ekki ástæðu til að setja neitt aldurshámark, en telur það yfirleitt ekki heppilegt, að nemendur setjist yngri í skólana en 15 ára eða á 15. ári og verði þá stúdentar 18 til 19 ára.

### Við 8. gr.

Greinin er orðuð svo til þess, að sem skýrast komi í ljós, að allir þeir, er fullnægja almennum inntökuskilyrðum og hafa lokið miðskólaprófi í bóknámsdeild með ákveðinni lágmarkseinkunn, sem tiltekin er í reglugerð í eitt skipti fyrir öll, eigi þess kost að setjast í skólana. Verður að gera þær kröfur til menntaskólanna bæði um húsnæði og kennara, að þeir geti veitt öllum þessum inngöngu.

Miðskólapróf bóknámsdeildar einnar er tiltekið sökum þess, að undirbúningur undir menntaskólanám mundi verða ófullnægjandi í verknámsdeild, En nemendur verknámsdeildar, sem ætluðu sér að setjast í menntaskóla, gætu með nokkuru viðbótarnámi þreytt miðskólapróf bóknámsdeildar.

Um tilhögun þessa miðskólaprófs sjá greinargerð við 4. gr. frv. til laga um skóla-kerfi og fræðsluskyldu.

## III. KAFLI

### Við 10. gr.

Hér eru taldar allar þær námsgreinar, sem nú eru kenndar í menntaskólunum, nema bókfærsla og teiknun. En nefndin telur rétt, að kostur sé á að bæta við þessum námsgreinum og fleirum, ef þörf gerist, án nýrra lagasetninga.

## IV. KAFLI

### Við 13. gr.

Eina breytingin frá núgildandi ákvæðum, sem nefndin leggur til, er sú, að háskólinn hafi tillögurétt um val prófdómara við stúdentspróf. Virðist það ekki ósann- gjarnt, að sá skóli, sem á að veita þorra stúdenta viðtöku til náms, geti haft nokkurt eftirlit með undirbúningsmenntun þeirra.

## V. KAFLI

### Við 15. gr.

Ljóst má vera, að um færri fasta kennara getur ekki verið að ræða. Ef t. d. væri gert ráð fyrir föstum kennurum einum og þrískiptingu hvers bekkjar, mundi

þörf 18 kennara með fullum kennslustundafjölda við hvorn skóla. En að ófenginni reynslu um aðsókn að skólunum eftir breytinguna virðist réttast að ákveða aðeins lágmarkstölu fastra kennara, en heimila fjölgun þeirra eftir þörfum.

Við 16. gr.

Nám í uppeldisfræði, hugsar nefndin sér, að fari fram í kennaradeild við Háskóla Íslands eða aðra háskóla, unz slík deild verður sett hér á stofn, en kennsluæfingar í menntaskólum.

Við 17. gr.

Nefndin telur yfirleitt æskilegt, að embættismenn fái í erindisbréfi sem gleggsta vitneskju um skyldur sínar og réttindi.

Við 18. gr.

Með grein þessari yrði bætt úr mjög brýnni þörf, því að hingað til hafa menntaskólakennarar ekkert orlof fengið né þeim verið veittur utanfararstyrkur á fjárlögum. En það er auðsætt, að þeim ber nauðsyn til að efla þekkingu sína í kennslugrein sinni og fylgjast með nýjungum í kennsluaðferðum. Það er einnig venja með öllum menningarþjóðum að veita kennurum utanfararstyrk. Er því fremur ástæða til að gera það hér, þar eð land vort er svo einangrað og því mikil vandkvæði á fyrir kennara að fylgjast með. Virðist ekki til of mikils ætlazt, að orlof sé 10. hvert ár.

Gert er ráð fyrir, að kennarinn verji allmiklum hluta orlofsársins erlendis, svo að það komi honum að fullu gagni. En auðvitað gæti það stundum verið heillavænlegt fyrir kennara hvors skóla um sig að kynnast kennslu við hinn skólann, einkum í sinni kennslugrein.

Launakjörum menntaskólakennara hefur löngum verið þannig háttáð, að þeir hafa alls ekki haft efni á að kosta sjálfir utanfarir. Virðist því sanngjarnt, að þeir hljóti styrk þann, er hér er nefndur. Hins vegar er eðlilegt, að ríkisvaldið vilji hafa nokkurt aðhald um það, að orlofsárinu sé varið á þann hátt, sem til er ætlazt.

## VI. KAFLI

Við 20. gr.

Ætlazt er til, að sameiginleg stjórnarstörf skólastjóra og kennara fari fram á kennarafundum, svo sem verið hefur (sbr. nánari ákvæði í reglugerð).

## VII. KAFLI

Við 22. gr.

Í lagafrumvarpi nefndarinnar um fræðslu barna er mælt svo fyrir, að ráðinn skuli sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, er hafi yfirumsjón með heilbrigðis- eftirliti í skólum. En gera verður ráð fyrir engu að síður, að nóg verkefni verði fyrir sérstaka skólalækna í stórum skólum.

Nánari ákvæði um starfssvið skólalækna verða sett í reglugerð.

## VIII. KAFLI

Við 23. gr.

Greinin er í samræmi við núgildandi reglugerð Menntaskólans í Reykjavík, en þar var þessi breyting gerð, að skólaárið skyldi byrja fyrr og enda fyrr en áður hafði verið. Var það gert til hagræðis nemendum við atvinnustörf þeirra. Hefur sú reynsla gefizt vel. — Að visu mun mörgum nemendum þykja það kostur að geta stundað atvinnu fram undir lok septembermánaðar, en þeir mundu geta gert það flestir þrátt fyrir þetta ákvæði, þar eð fyrsta vika skólaársins mun venjulega fara í próf.

## Fylgiskjal 1.

Úr gerðabók F. M. K. (Félags menntaskólakennara).

„Á aðalfundi félagsins, er haldinn var í Reykjavík dagana 24.—28. júní 1945, voru eftirfarandi tillögur samþykktar:

„Fundur í Félagi menntaskólakennara telur, að frumvörp þau, er millipínganefnd í skólamálum hefur lagt fram, stefni í rétta átt og séu í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur í skólamálum landsins hin síðari ár. Jafnframt leggur fundurinn áherzlu á, að varast beri, að ákvæðum hins fyrirhugaða skólakerfis verði beitt þannig, að þau bindi um of starfsháttu hinna einstöku skóla, t. d. megi ekki miða kennslu í hinum lægri skólum eingöngu eða aðallega við undirbúning undir menntaskólana; enn fremur verði ákvæðum um aldurstakmark beitt með fyllstu varúð, þegar í hlut eiga framúrskarandi gáfaðir og þroskaðir nemendur.

Um einstök atriði í frumvarpinu um menntaskóla vill fundurinn taka þetta fram:

1. 1. gr. orðist þannig, að skýlaust sé, að menntaskólum verði ekki fjölgað nema með samþykki Alþingis.
2. Með því að ætlazt er til samkv. 8. gr., að landspróf ráði um inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna, telur fundurinn sjálfsagt, að leitað verði til menntaskólanna um prófkröfur, verkefnaval og skipun manna í landsprófsnefnd.  
Það skal tekið fram, að skoðanir fundarmanna eru nokkuð skiptar um réttmæti landsprófs.
3. Fundurinn lýsir sérstakri ánægju yfir ákvæðinu um orlof samkv. 18. gr. og telur þetta nýmæli brýna nauðsyn fyrir skólana.“

Kristinn Ármannsson,  
formaður.“

## Fylgiskjal 2.

### MILLIÞINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 3. sept. 1945.

Út af hjálögðum samþykktum Félags menntaskólakennara varðandi fyrirhugað skólakerfi og frumvarp um menntaskóla vill nefndin taka þetta fram:

Aðalsamþykkt fundarins er í fullu samræmi við sjónarmið nefndarinnar í þessum efnunum.

Varðandi einstök atriði telur nefndin nægilega skýrt tekið fram í 1. gr. frumvarpsins um menntaskóla, að samþykki Alþingis þurfi til þess að fjölga menntaskólum, þar sem sagt er: „þegar fé er veitt til þess á fjárlögum“. Samkvæmt 1. gr. krefst bæði fjárveitingar og lagabreytingar til stofnunar menntaskóla, og verður það hvort tveggja að hljóta samþykki Alþingis.

Að því er snertir landsprófið, hefur nefndin talið sjálfsagt, að leitað sé til menntaskólanna um prófkröfur, verkefnaval og skipun manna í prófnefndina, enda er gert ráð fyrir þessu í bráðabirgðareglugerð þeirri um miðskólapróf og landspróf, er nefndin hefur samið.

F. h. millipínganefndar í skólamállum.

Ásmundur Guðmundsson.      Helgi Eliásson.

Til menntamálaráðherra, Reykjavík.